

Nóvember 2023



Efling lífrænnar matvælaframleiðslu

Aðgerðaáætlun



Efling lífrænnar matvælaframleiðslu

Aðgerðaáætlun

Útgefandi:

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26, 4. hæð – 105 Reykjavík
545 9700 – mar@mar.is

Umbrot og textavinnsla:

Matvælaráðuneytið

Nóvember 2023

ISBN

©2023 Matvælaráðuneytið

stjornarradid.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Meginmarkmið	5
3. Aðgerðir	7
3.1 Aðlögunar- og rekstrarstyrkir	7
3.2 Aðföng	9
3.3 Rannsóknir, ráðgjöf, nýsköpun og vöruþróun	10
3.4 Markaðsstarf, kynning og fræðsla	11
3.5 Eftirfylgni, endurskoðun og samræming stefnumótunar	13
4. Viðauki	16
4.1 Aðgerðir sem heyra undir önnur ráðuneyti	16



1. Inngangur

Í september 2022 undirritaði matvælaráðherra samning við ráðgjafafyrirtækið Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice) um gerð tillagna að aðgerðaáætlun til eflingar lífrænnar framleiðslu. Áætlunin var unnin í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs frá 2021 en þar er áhersla lögð á öfluga íslenska matvælaframleiðslu. Meðal áhersluverkefna sem þar eru tilgreind er mótun heildstæðrar áætlunar til eflingar lífrænnar framleiðslu.

Eftirspurn eftir vottuðum lífrænum vörum fer vaxandi, bæði innanlands og utan, og því er efling lífrænnar framleiðslu liður í að skapa ný atvinnutækifæri og auka verðmætasköpun í byggðum landsins. Ísland hefur dregist aftur úr nágrannalöndunum á þessu sviði. Hérlandis er mun lægra hlutfall landbúnaðarlands með lífræna vottun en í löndunum í kring og flest bendir til að markaðshlutdeild lífrænnar framleiðslu sé einnig lægri hér, en þær upplýsingar liggja ekki fyrir. Stjórnvöld í nágrannalöndunum, þ.á m. framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, hafa sett sér krefjandi markmið um aukna hlutdeild lífrænna afurða, bæði í landbúnaðarframleiðslu landanna og á neytendamarkaði. Efling lífrænnar framleiðslu hérlandis er því liður í að styrkja samkeppnisstöðu Íslands gagnvart nágrannalöndunum og um leið samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu gagnvart innflutningi.

Sú tillaga að aðgerðaáætlun til eflingar lífrænnar framleiðslu á Íslandi sem hér er sett fram er unnin í matvælaráðuneytinu en byggir á tillögum Umhverfisráðgjafar Íslands ehf. (Environice). Við mótun aðgerðaáætlunarinnar var einnig tekið mið af annarri stefnumótun á málefnasviðinu, áherslum matvælaráðherra og matvælaráðuneytis. Margar tillagnanna eru þess eðlis að þær snerta einnig starfssvið annarra ráðuneyta og stofnana og því er samstarf fleiri aðila lykillinn að því að hægt verði að hrinda tillögunum í framkvæmd. Í viðauka er að finna lista yfir þær aðgerðir sem heyra undir starfssvið annarra ráðuneyta og eru þær ekki hluti af aðgerðaáætluninni á þessu stigi. Þeim verður vísað til viðkomandi ráðuneyta og þau hvött til þess að koma þeim til framkvæmda. Tillögur að einstökum aðgerðum byggja á samtölum við fjölmarga aðila innanlands, taka mið af annarri stefnumótun íslenskra stjórnvalda eins og áður segir og styðjast við samþæfilega stefnumótun á hinum Norðurlöndunum og á vettvangi Evrópusambandsins.

Aðgerðirnar sem lagt er til að ráðist verði í eiga það sameiginlegt að vera líklegar til að ryðja hindrunum úr vegi, þannig að Ísland standi nær öðrum ríkjum Evrópu á þessu sviði. Aðgerðunum er skipt í nokkra málaflokka, sem hver um sig snýr að tilteknum hluta af virðisæðju lífrænna matvæla eða að tilteknum innviðum sem þurfa að vera til staðar til að keðjan í heild verði sem sterkust.



2. Meginmarkmið

Í tengslum við landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins (*Farm to Fork*) hefur framkvæmdastjórn sambandsins sett markmið um að árið 2030 verði a.m.k. 25% af öllu landbúnaðarlandi innan sambandsins komið með lífræna vottun og að þá hafi jafnframt orðið veruleg aukning í lífrænu lagareldi. Samkvæmt gögnum Eurostat var hlutfallið í ESB í heild komið upp í tæp 10% árið 2021. Austurríki var þá þegar komið yfir 25% en Eistland og Svíþjóð voru ekki langt á eftir.¹ Vorið 2021 samþykkti framkvæmdastjórnin sérstaka aðgerðaáætlun um lífræna framleiðslu til að fylgja þessu markmiði eftir. Áætlunin skiptist í eftirtalda þrjá meginkafla („öxla“), sem tengjast hver öðrum og endurspeglar einstaka hluta af virðis_keðju matvæla:

1. **Örva eftirspurn og tryggja traust neytenda**
2. **Styðja við aðlögun og styrkja alla virðis_keðjuna.**
3. **Stuðla að því að lífrænn landbúnaður skapi fordæmi, þ.m.t. með því að bæta framlag lífræns landbúnaðar til umhverfislegrar sjálfbærni.²**

Tilgangurinn með markmiðssetningu Evrópusambandsins á sviði lífrænnar framleiðslu er ekki síst sá að lífrænn landbúnaður þróist úr því að vera jaðarstarfsemi (e. niche) yfir í að skipta verulegu máli í landbúnaðarframleiðslunni (e. main-stream). Með þessu móti eykst hagkvæmni í framleiðslunni og verð til neytenda lækkar.

¹ Eurostat: https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Developments_in_organic_farming

² Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2022): Organic action plan. https://agriculture.ec.europa.eu/farming/organic-farming/organic-action-plan_en.

Ætlun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er að stutt verði við markmið og aðgerðir sambandsins í þágu lífrænnar framleiðslu með sérstakri áherslu á rannsóknir og nýsköpun. Þannig verði 30% af öllum rannsókn- og nýsköpunarstyrkjum sambandsins vegna landbúnaðar varið til verkefna innan lífræna geirans eða verkefna sem nýtast í lífrænni framleiðslu. Jafnframt verði lögð aukin áhersla á lífræna framleiðslu í nýrri landbúnaðarstefnu, þ.m.t. með auknum tæknilegum og faglegum stuðningi.³

Rétt eins og Evrópusambandið í heild hafa einstök ríki innan sambandsins sett sér markmið um hlutfall lífræns vottaðs lands af heildarflatarmáli landbúnaðarlands, og í einhverjum tilvikum einnig markmið um tiltekna markaðshlutdeild. Sem dæmi má nefna að í Þýskalandi og í Svíþjóð er stefnt að því að 30% landbúnaðarlands verði komið með lífræna vottun árið 2030, í Portúgal er stefnt að 12% árið 2027, í Frakklandi átti hlutfallið að ná 15% árið 2022⁴ og í Hollandi er stefnt að 15% árið 2030.⁵ Sömuleiðis hafa nokkur ríki sett sér markmið um markaðshlutdeild lífrænnar vöru á matvælamarkaði. Í Finnlandi á markaðshlutdeildin t.d. að vera komin í 5% árið 2030 og sama hlutfalli á að ná í Ungverjalandi 2027. Í Svíþjóð hefur verið sett markmið um að hlutfeld lífrænna matvæla í opinberum innkaupum verði 60% árið 2030.⁶

Íslensk stjórnvöld hafa hingað til ekki sett sér markmið um hlutfall lífræns vottað lands af landbúnaðarlandi né um markaðshlutdeild lífrænnar vöru hérlendis en þær upplýsingar liggja ekki fyrir.

Aðgerðaáætlunin sem hér er sett fram miðar að því að ná ákveðnu markmiði.

Eftirfarandi markmið um hlutfall lífræns vottaðs landbúnaðarlands af öllu landbúnaðarlandi er því sett hér fram:

10% af landbúnaðarlandi á Íslandi verði komið með lífræna vottun 2040

³ Nicolas Lampkin og Jörn Sanders (2022): Policy support for organic farming in the European Union 2010-2020. Thünen Working Paper 200. https://www.thuenen.de/media/publikationen/thuenen-workingpaper/ThuenenWorkingPaper_200.pdf.

⁴ Nicolas Lampkin og Jörn Sanders (2022): Policy support for organic farming in the European Union 2010-2020. Thünen Working Paper 200. https://www.thuenen.de/media/publikationen/thuenen-workingpaper/ThuenenWorkingPaper_200.pdf.

⁵ Landbúnaðar-, náttúru- og matvælaöryggisráðuneyti Hollands (Ministerie van Landbouw, Natuur en Voedselkwaliteit (LNV) (2022): Actieplan – Groei van biologische productie en consumptie. <https://www.rijksoverheid.nl/documenten/kamerstukken/2022/12/19/lnv-actieplan-biologische-landbouw>.

⁶ Nicolas Lampkin og Jörn Sanders (2022): Policy support for organic farming in the European Union 2010-2020. Thünen Working Paper 200. https://www.thuenen.de/media/publikationen/thuenen-workingpaper/ThuenenWorkingPaper_200.pdf.



3. Aðgerðir

3.1 Aðlögunar- og rekstrarstyrkir

1. Aðgerðin felur í sér að endurskoða núverandi aðlögunarstuðning

Samkvæmt reglugerð um almennan stuðning við landbúnað og reglugerð um stuðning við garðyrkju geta framleiðendur sótt um aðlögunarstuðning vegna lífrænna framleiðsluhátta. Aðgerðin felur í sér að endurskoða núverandi aðlögunarstuðning í þeim tilgangi að gera hann skilvirkari og lengja tímabilið. Í stað núverandi aðlögunarstyrkja verði boðið upp á fimm til sjö ára aðlögunarstuðning. Styrkir verða veittir yfir tveggja til þriggja ára tímabil til að mæta kostnaði nýrra framleiðenda vegna lögbundinnar aðlögunar að lífrænni framleiðslu undir eftirliti vottunarstofu, þ.m.t. kostnaði vegna breytinga á húsakosti, endurnýjunar tækjabúnaðar, endur- ræktunar, lækkunar tekna vegna minni framleiðslu, efnagreininga, námskeiða, ráðgjafar, skýrslugerðar og fyrstu úttekta vottunarstofu. Stuðningur miðist við að vottun fái stöðugt á þessum tíma liðnum og að eftir það verði veittir áframhaldandi styrkir til loka tímabilsins til að standa undir kostnaði vegna lækkunar tekna, námskeiða, ráðgjafar, skýrslugerðar, úttekta og vottana. Æskilegt er að fjárhæðir miðist við að á þessum síðari hluta tíma-bilsins standi styrkir nokkurn vegin undir fimm síðast töldu kostnaðarliðunum, allt að tiltekinni hámarksupphæð.

Æskilegt er að framleiðendum sem þegar hafa hafið aðlögun eða fengið vottun á síðustu árum verði einnig boðnir aðlögunarstuðningur þar til fimm til sjö ár eru liðin frá því að aðlögun þeirra hófst, þá með þeim hætti að sá aðlögunarstuðningur sem þeir hafa þegar notið komi til frádráttar.

-
- **Ábyrgð:** Matvælaráðuneytið

 - **Tillögur að samstarfsaðilum:** Bændasamtök Íslands (BÍ) og VOR

 - **Tímarammi:** 2027 – þegar endurskoðað fyrirkomulag stuðnings við landbúnað tekur gildi með vísan til landbúnaðarstefnu.

 - **Árangursvísir:** Fjöldi framleiðenda sem fá aðlögunarstuðning

 - **Tillaga að fjármögnun:** Endurskoðað fyrirkomulag stuðnings við landbúnað.
-

2. Aðgerðin felur í sér að greiða álag á almennar stuðningsgreiðslur fyrir lífræna framleiðslu

Við mótun nýs stuðningsforms í landbúnaði eftir að núgildandi búvörusamningar renna úr gildi verði kannaði kostir þess að lífrænum framleiðendum verði greitt sérstakt álag á almennar stuðningsgreiðslur. Álag yrði greitt álag á stuðningsgreiðslur að loknu aðlögunartímabili.

-
- **Ábyrgð:** Matvælaráðuneytið

 - **Tillögur að samstarfsaðilum:** Bændasamtök Íslands og VOR

 - **Tímarammi:** 2027 – þegar endurskoðað fyrirkomulag stuðnings við landbúnað tekur gildi með vísan til landbúnaðarstefnu.

 - **Árangursvísir:** Fjöldi framleiðenda með lífræna vottun og /eða framboð innlendra lífrænna landbúnaðarafurða

 - **Tillaga að fjármögnun:** Endurskoðað fyrirkomulag stuðnings við landbúnað.

3. Aðgerðin felur í sér að bjóða fjárfestinga- og tækjastyrki

Framleiðendur geti sótt um sérstaka fjárfestinga- og tækjastyrki til kaupa á sérhæfðum búnaði sem stuðlar að aukinni framlegð og bættri nýtingu lífræns áburðar, svo sem róbótum, niðurfellingarbúnaði til áburðardreifingar, tækjum til safnhaugagerðar, tækni til nákvæmnislandbúnaðar, illgresishreinsa (róbóta) o.fl. Framleiðendur í aðlögunarferli og þeir sem komnir eru með lífræna vottun ættu þess kost að sækja um slíka styrki.

-
- **Ábyrgð:** Matvælaráðuneytið

 - **Tillögur að samstarfsaðilum:** Bændasamtök Íslands og VOR

 - **Tímarammi:** 2027 – þegar endurskoðað fyrirkomulag stuðnings við landbúnað tekur gildi með vísan til landbúnaðarstefnu.

 - **Árangursvísir:** Sömu og í aðgerðum 1. og 2.

 - **Tillaga að fjármögnun:** Endurskoðað fyrirkomulag stuðnings við landbúnað.

4. Aðgerðin felur í sér að bjóða sérstakan stuðning við afurðastöðvar

Kannaðir verða kostir þess að sérstakir styrkir verði boðnir afurðafyrirtækjum í landbúnaði til að mæta kostnaði vegna lífrænnar vottunar. Í dag er ein kjötafurðastöð og ein mjólkurvinnsla með lífræna vottun. Dæmi eru um að framleiðendur sjálfir hafi þurft að leggja út fyrir kostnaði við slátrun fyrir lífrænt ræktaðar kjötafurðir. Greina þarf kostnað og mögulegar útfærslur á slíkum stuðningi.

- **Ábyrgð:** Matvælaráðuneytið
- **Tillögur að samstarfsaðilum:** Matvælastofnun og vottunarstofan Tún
- **Tímarammi:** 2024
- **Árangurs vísir:** Fjöldi afurðavinnslufyrirtækja með lífræna vottun.
- **Tillaga að fjármögnun:** Liggur ekki fyrir.

3.2 Aðföng

Skortur á leyfilegum áburðarefnum er helsti þrándur í götu lífrænnar ræktunar á Íslandi. Ráðist hefur verið í nokkur verkefni til að kortleggja uppsprettur og magn lífræns úrgangs sem nýta mætti til áburðarframleiðslu. Þar eru því til staðar upplýsingar sem nýta mætti til að auka framboð á áburðarefnum sem uppfylla skilyrði til notkunar í lífrænni framleiðslu og þannig halda næringarefnum inn í hringrás matvælaframleiðslunnar.

5. Aðgerðin felur í sér að tryggja nauðsynlegar greiningar á möguleikum á notkun lífræns efnis til áburðar og fódurs

Nýttar verði greiningar á mögulegri framleiðslu á áburði og fóðri sem uppfyllir skilyrði reglugerða um aðföng í lífrænni framleiðslu, bætt við frekari greiningum ef ástæða þykir til og í framhaldinu tekin ákvörðun um næstu skref. Í þessu sambandi væri vert að skoða sérstaklega hvað þurfi að gera til að „sönnunarbyrði“, vegna leyfilegra aðfanga til lífrænnar framleiðslu í tilvikum sem þessum, færast frá einstökum kaupendum aðfanganna yfir á framleiðendur þeirra. Þessu myndu væntanlega einnig fylgja aukin tækifæri fyrir framleiðendurna til að koma afurðum sínum í verð. Jafnframt er mikilvægt fyrir framleiðendur lífrænna afurða að fyrir liggi greining á innihaldi mismunandi lífrænna efna.

Greining á nýtingu lífræns áburðar hefur verið birt af matvælaráðuneytinu og þar er að finna gögn sem nýtast við framkvæmd aðgerðarinnar.



-
- **Ábyrgð:** Matvælaráðuneytið
 - **Tillögur að samstarfsaðilum:** Matvælastofnun sem fer með eftirlit með áburði og fóðri.
 - **Tímarammi:** Stöðumat liggja fyrir 2024.
 - **Árangursvísir:** Framboð lífrænna hráefna sem nýta má sem áburð eða fóður í lífrænni ræktun.
 - **Tillaga að fjármögnun:** Liggur ekki fyrir. Verður skoðað þegar umfang verkefnisins skýrist betur.
-

3.3 Rannsóknir, ráðgjöf, nýsköpun og vöruþróun

6. Aðgerðin felur í sér að efla rannsóknir á sviði lífrænnar framleiðslu

Hluti af framlögum til rannsókna í landbúnaði verði varið til rannsókna á sviði lífrænnar framleiðslu við Landbúnaðarháskóla Íslands og annarra háskóla. Í því getur falist stuðningur við þátttöku skólans í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum á sviði lífrænnar ræktunar, þ.m.t. verkefnum um kolefnisbúskap og líffræðilega fjölbreytni í efstu lögum jarðvegs.

Þá verður einnig hvatt til aukins samstarfs s.s. á milli VOR, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskóla Íslands og annarra eftir því sem við á í því skyni að miðla þekkingu og fræðslu til framleiðenda.

-
- **Ábyrgð:** Matvælaráðuneytið
 - **Tillögur að samstarfsaðilum:** Landbúnaðarháskóli Íslands og VOR
 - **Tímarammi:** 2024
 - **Árangursvísir:** Fjöldi rannsókna á sviði lífrænnar framleiðslu hverju sinni.
 - **Tillaga að fjármögnun:** Hluti af samningi matvælaráðuneytis við Landbúnaðarháskóla Íslands. Ráðuneytið fylgi eftir að verkefni á þessu sviði verði hluti af áherslum hvers árs.
-

7. Aðgerðin felur í sér að vekja athygli á og hvetja lífræna framleiðendur til að sækja um í Matvælasjóð og aðra sjóði sem styðja við nýsköpun, vörubrún, rannsóknir og þróun.

Árlega er úthlutað styrkjum úr Matvælasjóði, þróunarverkefnum búgreina og fleiri sjóðum. Aðgerðin felur í sér að kynna og vekja athygli á þeim sjóðum og styrkjum sem um ræðir og hvetja lífræna framleiðendur og þá sem eru í aðlögunarferli til að sækja um. Kannaðir verða möguleikar þess að vera með lífræna ræktun sem áherslumál þegar styrkveitingar úr sjóðum eru auglýstar. Jafnframt verður sérstaklega kannað hvort hindranir séu í vegi fyrir lífræna framleiðendur, eða framleiðendur í aðlögunarferli að sækja um.

- **Ábyrgð:** Matvælaráðuneytið
- **Tillögur að samstarfsaðilum:** Bændasamtök Íslands, VOR og viðeigandi sjóðir
- **Tímarammi:** 2024
- **Árangursvísir:** Fjöldi umsókna á sviði lífrænnar matvælaframleiðslu sem berast sjóðnum.
- **Tillaga að fjármögnun:** innan ramma fjárlaga

3.4 Markaðsstarf, kynning og fræðsla

8. Aðgerðin felur í sér að bæta gagnaöflun um hlutdeild lífrænnar framleiðslu á innlendum markaði

Markaðsstarf, kynning og fræðsla eru mikilvægir þættir í að styrkja eftirspurnarhlíðina á lífræna markaðnum. Hingað til hefur verið erfitt að fylgjast með þróun markaðarins, þar sem engar tölur eru tiltækar um magn innfluttra lífrænna vara, hvorki í tollskýrslum né öðrum opinberum gögnum. Hins vegar ber öllum þeim sem framleiða, dreifa eða geyma vörur sem merktar eru sem „lífrænar“ eða „í aðlögun“ skylda til að tilkynna lögbæru yfirvaldi (Matvælastofnun) eða þeim sem yfirvaldið hefur falið að annast eftirlitið (Vottunarstofan Tún ehf.) um starfsemi sína og skila síðan árlegri skýrslu með magntölum fyrir einstakar vörur. Kannaður verður möguleiki á því að birta heildartölur úr þessum skýrslum opinberlega að því gefnu að þeir sem veita upplýsingarnar séu upplýstir um að þær verði notaðar á þennan hátt. Birting heildartalna þyrfti þó alltaf að vera háð því skilyrði að ekki séu birtar upplýsingar sem hægt er að rekja til einstaks aðila, (t.d. í tilvikum þar sem allur innflutningur tiltekinnar lífrænt vottaðrar vöru er á einni hendi).

Leitað verði samstarfs við Vottunarstofuna Tún ehf. og Matvælastofnun um árlega samantekt og birtingu heildartalna úr árlegum skýrslum skráðra og vottaðra framleiðenda, innflytjenda og vinnsluaðila, með það að markmiði að hlutdeild lífrænt vottaðrar vöru, innfluttrar sem innlendrar, verði þekkt og gerð opinber á hverjum tíma.

- **Ábyrgð:** Matvælaráðuneytið
- **Tillögur að samstarfsaðilum:** Matvælastofnun, Vottunarstofan Tún, Vor /Lífrænt Ísland
- **Tímarammi:** 2025
- **Árangursvísir:** Yfirlit yfir hlutdeild lífrænt vottaðrar vöru á markaði
- **Tillaga að fjármögnun:** Innan ramma fjárlaga

9. Aðgerðin felur í sér að styðja við verkefnið Lífrænt Ísland

Verkefninu Lífrænt Ísland verði viðhaldið og því tryggt fjármagn til áframhaldandi starfsemi með samningi matvælaráðuneytisins við VOR. Núgildandi samningur rennur út í árslok 2024. Jafnframt fái Lífrænt Ísland formlegt hlutverk sem miðstöð upplýsinga og miðlunar um lífræna framleiðslu. Eitt af verkefnum Lífræns Íslands gæti verið að safna saman og gera aðgengilega (m.a. á vefsíðu) þá þekkingu á líf- rænum aðferðum sem þegar er til staðar hjá einstökum framleiðendum.

Önnur verkefni sem Lífrænt Ísland gæti staðið fyrir væri samstarf við matvæla- verslanir um framsetningu á lífrænum vörum í verslunum, fræðslu um merkingar mat- væla (þ.m.t. merki Vottunarstofunnar Túns ehf. og merki Evrópusambandsins fyrir líf- rænar vörur og markaðsáttak fyrir lífræn matvæli í mötuneytum og verslunum.

- **Ábyrgð:** Matvælaráðuneytið
- **Tillögur að samstarfsaðilum:** VOR /Lífrænt Ísland og BÍ.
- **Tímarammi:** Fyrst verði litið til fjármögnunar 2025-2026, en í kjölfarið frá og með 2027.
- **Árangursvísir:** Styður við árangursvísa annarra aðgerða.
- **Tillaga að fjármögnun:** Tillaga liggur ekki fyrir. Taka til skoðunar þegar endurskoðað fyrirkomulag stuðnings við landbúnað tekur gildi 2027 með vísan til landbúnaðarstefnu.

10. Aðgerðin felur í sér að haldinn verði lífrænn dagur árlega

Lífrænu Íslandi verði falið að standa framvegis fyrir sérstökum lífrænum degi 23. september ár hvert, eða á annarri heppilegri dagsetningu, í tengslum við Organic Day Europe. Slíkur dagur var í fyrsta sinn haldinn á Íslandi haustið 2022 og aftur 2023.

- **Ábyrgð:** VOR/Lífrænt Ísland

-
- **Tillögur að samstarfsaðilum:** Matvælaráðuneytið, Bændasamtök Íslands, Vottunarstofan Tún, VOR
-
- **Tímarammi:** Árlega
-
- **Árangurs vísir:** Styður við árangursvísa annarra aðgerða
-
- **Fjármögnun:** Innan ramma fjárlaga - hluti af samningi við Lífrænt Ísland.
-

11. Aðgerðin felur í sér að veitt verða lífræn verðlaun/viðurkenning árlega á lífræna deginum

Matvælaráðuneytið veiti árlega viðurkenningu/verðlaun til aðila sem þykja hafa skarað fram úr í framleiðslu, nýsköpun, vöruþróun, markaðssetningu, sölu eða kynningu á lífrænum vörum.

-
- **Ábyrgð:** Matvælaráðuneytið
-
- **Tillögur að samstarfsaðilum:** VOR/Lífrænt Ísland
-
- **Tímarammi:** Árlega
-
- **Árangursvísir:** Styður við árangursvísa annarra aðgerða.
-
- **Fjármögnun:** Innan ramma fjárlaga - hluti af samningi við VOR
-

3.5 Eftirfylgni, endurskoðun og samræming stefnumótunar

12. Aðgerðin felur í sér að gefa út stöðuskýrslu um stöðu aðgerða og halda málþing

Á tveggja ára fresti verði gefin út stöðuskýrsla um stöðu aðgerða og árangurinn af framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar á nýliðnu tímabili. Þá verði efnt til sérstaks málþings eigi sjaldnar en á tveggja ári fresti til að kynna það sem hefur áunnist og ræða æskilegar áherslur í áframhaldandi eftirfylgni.

-
- **Ábyrgð:** Matvælaráðuneytið
-
- **Tillögur að samstarfsaðilum:** VOR/Lífrænt Ísland, Bændasamtök Íslands
-



-
- **Tímarammi:** 2026
-
- **Árangursvísir:** Málþing og skýrsla hverju sinni.
-
- **Tillaga að fjármögnun:** Innan ramma fjárlaga
-

13. Aðgerðin felur í sér að aðgerðaáætlunin er endurskoðuð reglulega

Aðgerðaáætlunin verði endurskoðuð eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, í fyrsta sinn eigi síðar en fyrir 1. janúar 2029.

-
- **Ábyrgð:** Matvælaráðuneytið
-
- **Tillögur að samstarfsaðilum:** Bændasamtök Íslands, VOR
-
- **Tímarammi:** 2029
-
- **Árangursvísir:** uppfærð aðgerðaáætlun
-
- **Tillaga að fjármögnun:** Innan ramma fjárlaga
-

14. Aðgerðin felur í sér að stefnumótun á málefnasviðinu sé samræmd og reglugerðir endurskoðaðar

Þegar aðgerðaáætlunin hefur tekið gildi verða ákvæði reglugerða sem gilt hafa um stuðning við lífræna framleiðslu, endurskoðaðar til að þær endurspegli nýtt fyrirkomulag. Jafnframt verði tryggt að aðgerðaáætlunin og aðrar stefnur á sviði matvæla verði samræmdar.

-
- **Ábyrgð:** Matvælaráðuneytið
 - **Tímarammi:** 2027 – þegar endurskoðað fyrirkomulag stuðnings við landbúnað tekur gildi með vísan til landbúnaðarstefnu.
 - **Árangursvísir:** Útgáfa endurskoðaðra reglugerða.
-
- **Tillaga að fjármögnun:** Innan ramma fjárlaga
-



4. Viðauki

4.1 Aðgerðir sem heyra undir önnur ráðuneyti

Eftirtaldar aðgerðir í tillögum Umhverfissráðgjafar ehf. til matvælaráðherra heyra undir önnur ráðuneyti og stofnanir og eru ekki á forræði matvælaráðuneytisins. Aðgerðirnar heyra undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti, innviðaráðuneyti, fjármála og efnahagsráðuneytið.

Grunnnámskeið um lífræna framleiðslu

Gerður verði sérstakur samningur við Landbúnaðarháskóla Íslands um skyldunámskeið um lífræna framleiðslu við upphaf háskólanáms við skólann.

Prófessorsstaða við Landbúnaðarháskóla Íslands

Stofnuð verði staða prófessors á sviði lífrænnar framleiðslu við Landbúnaðarháskóla Íslands og staðan mönnuð sérfræðingi sem uppfyllir hæfniskröfur.

Námsbraut um lífræna framleiðslu

Í framhaldi af stofnun prófessorsstöðu (sbr. aðgerð 3.2) verði komið á sérstakri námsbraut um lífræna framleiðslu á háskólastigi við Landbúnaðarháskóla Íslands. Þannig verði námsframboð skólans á þessu sviði aukið og aðgangur framleiðenda og annarra að endurmenntun bættur.

Bætt aðstaða til rannsókna

Sérstöku fjármagni verði varið til uppbyggingar á aðstöðu til rannsókna og verklegar kennslu í lífrænni ræktun við íslenska háskóla, vegna rannsókna í búfjárrækt, jarðrækt, útiræktun, ylrækt, fiskeldi og áburðarframleiðslu.

Bætt aðstaða til verklegar kennslu

Sérstöku fjármagni verði varið til uppbyggingar og lagfæringa á aðstöðu til verklegar kennslu í lífrænni ræktun við Garðyrkjakólann á Reykjum/Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Lífrænar áherslur í byggðaáætlun

Gerð verði sérstök greining á möguleikum þess að auka áherslu á lífræna framleiðslu við framkvæmd og/eða endurskoðun Byggðaáætlunar. Í því sambandi verði m.a. kannaðir möguleikar á að skapa aðstæður til lífrænnar ræktunar á leigujörðum í ríkiseigu.

Lífrænt vottaðar vörur í „Grænum skrefum“

Gátlistar „Grænna skrefa“ í ríkisrekstri verði endurskoðaðir með það að leiðarljósi að innkaup og framboð á lífrænt vottuðum vörum og vörum úr nærumhverfi fái aukið vægi.

Lífrænt vottaðar vörur í innkaupastefnu

Stefna ríkisins um opinber innkaup verði endurskoðuð með það að leiðarljósi að innkaup á lífrænt vottuðum vörum og vörum úr nærumhverfi fái aukið vægi, svo sem með ákvæðum um tiltekið lágmarkshlutfall lífrænnar vöru í innkaupunum og um innra verðmat sem tryggir lífrænum vörum og vörum úr nærumhverfi tiltekið forskot í verðsamburði. Í þessu sambandi verði sett töluleg markmið um hlutdeild lífrænnar vöru í innkaupunum og sérstaklega hugað að innkaupum fyrir mótuneyti á vegum ríkisins. Jafnframt verði leitað eftir samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga varðandi hvatningu til sveitarfélaga um sambærilega markmiðssetningu og áherslur við innkaup.

